

**Nd.**

**757. Frumvarp til laga**

[170. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá efnahagssamvinnustjórninni í Washington.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 2 millj. dollara lán, sem efnahagssamvinnustjórnin í Washington veitir fyrir milligöngu Export Import Bank, með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð.**

Frv. þetta er flutt samkv. ósk fjármálaráðherra, og fylgir því svo hljóðandi athugasemd:

Framlag efnahagssamvinnustofnunarinnar til Íslands fyrir tímabilið 1. júlí 1949 til 30. júní 1950 er 7 millj. dollara, eða um 114 millj. kr. með núverandi gengi. Af þessum framlögum eru 2 millj. dollara veitt sem lán, en afgangurinn verður væntanlega veittur sem óafturkræft framlag. Lán þetta verður veitt með sömu kjörum og lán það, sem efnahagssamvinnustjórnin veitti Íslandi árið 1848, þ. e. til 33½ árs með 2½ % vöxtum, en afborganir hefjast ekki fyrr en 30. júní 1956 og vaxtagreiðslur ekki fyrr en 30. júní 1952. Með þessu frumvarpi er leitað heimildar handa ríkisstjórninni til þess að taka lán þetta, en gert er ráð fyrir, að virkjanir Sogs og Laxár njóti lánsins.